



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á ráðstefnunni  
Undir Regnboganum  
Reykjavík  
2. mars 2018**

Ágætu trans ungmenni,  
aðrir góðir gestir:

Nýlega kom út bók um hinsegin fólk á Íslandi, fyrsta fræðiritið um sögu þess og sjónarmið. Ritstjórnarnir voru þrír, þau Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir. Í formála sínum minntust þær á nauðsyn þess að hinsegin fólk komi sjálft að ritun og rannsóknum á eigin sögu. Þær sögðu það „lykilatriði í ritun hinsegin sögu að hinsegin fólk hafi þar sjálft ákvörðunarvald og geti mótað orðræðuna þannig að hún stýrist ekki af gagnkynhneigðum viðmiðum“. Jafnframt tóku þær fram að „[þ]að hefði óneitanlega orkað tvímælis ef sískynja sagnfræðingar með engin tengsl við íslenska hinsegin samfélagið hefðu ríðið á vaðið og byrjað að skrifa sögu hinsegin fólks á Íslandi.“

Þetta má til sanns vegar færa. Á hinn bóginn er það grundvöllur allra fræða, allra rannsókna, að geta sett sig í spor annarra – sett sig í spor þeirra sem fjalla skal um. Og ekki nóg með það: Þetta er grundvöllur mannlegs samfélags, að setja sig í spor annarra hópa og einstaklinga, leitast við að skilja afstöðu þeirra og rýna í heiminn frá þeirra sjónarhóli.

Í heilbrigðu samfélagi eru réttindi allra líka virt, þar ríkir frelsi einstaklingsins og virðing fyrir náunganum. Þar ríkir umburðarlyndi. Það þýðir auðvitað ekki að öllum beri alltaf að þola eða virða allar athafnir og skoðanir allra annarra. En við eigum að standa saman gegn fordómum og þröngsýni.

Og þetta reyndar gerst, til framfara fyrir einstaklinga og samfélög. Nú á dögum kemur þannig ekki til greina hér á Íslandi að láta nokkurra þúsund ára gömul orð Mósebókar um „viðurstygð“ samkynhneigðar ráða einhverju um lagalegan rétt fólks sem vill elska annað fólk án tillits til þess hvers kyns það er. Mósebók hefur bara ekkert vægi í þeim efnum. Við gætum auðvitað tekið mýmörg önnur dæmi um það sem þótti einu sinni sjálfsagt og eðlilegt en er óþolandi í dag. Hér á landi tók Húsagatilskipunin svonefnda gildi árið 1746. Þar var staðfestur réttur húsbóndans til að refsa eiginkonu sinni, vinnuhjúum og börnum, nánast að geðþótta. Þegar konur tóku að berjast fyrir sjálfsögðum mannréttindum eins og kosningarétti hvein í tálknum þrályndra karla sem áfram vildu öllu ráða. Og hér þarf ég varla að minnst á réttindabaráttu homma, lesbía, trans fólks og allra annarra sem eru ekki sískynja.

Því miður er það enn svo að trans fólk mætir víða fordómum og skilningsleysi, jafnvel hræðslu. Trans fólk getur sætt ofbeldi fyrir það eitt að vera til, fyrir að vera eins og það er. Trans fólk glímur því gjarnan við ótta eða þunglyndi.

Úr þessu þarf að bæta en þrátt fyrir allt sem enn bjátar á verður því ekki neitað að þegar á heildina er litið hér í okkar heimshluta hafa einstaklingar notið síaukins frelsis og réttlætis síðustu aldir. Og um leið hefur orðanotkunin breyst. Aðeins nokkrir áratugir eru síðan það þótti ekki við hæfi í Ríkisútvarpinu að tala um homma og lesbíur en kynvilla var viðurkennt hugtak. Síðustu ár hafa svo bæst í orðaforðann ýmis nýyrði þótt enn sé óljóst hvort þau festist þar til langframa. Ég nefni hér persónufornafnið hán sem sumir kynfrjálsir eða hinsegin einstaklingar vilja nota, og svo höfum við orð eins og algerva, eigerva og flæðigerva, dulkynja, kynusla og kynama, að ekki sé minnst á trans, þetta regnhlífarhugtak fyrir allt það fólk sem er með kynvitund, kyntjáningu eða kyngervi á skjön við það kyn sem því var úthlutað við fæðingu. Nýjum tímum fylgja ný orð en ekki er hægt að ætlast til þess að þorri fólks skilji þau samstundis og geti haft á hraðbergi. Skilgreiningar, útskýringar og fræðsluefni má til dæmis finna á heimasíðu Samtakanna 78, [www.smatokin78.is](http://www.smatokin78.is).

Góðir áheyrendur: Ég óska ykkur velfarnaðar og fagna þessari ráðstefnu. Umræða og þekking er svo mikilvæg: „Þekkingin er eign samfélagsins alls. Hún leysir úr fjötrum fáfræði og hindurvitna. Hún þokar vanþekkingunni brott svo að hún á ekki afturkvæmt, því að af þekkingu leiðir skilning. Á öllum sviðum þjóðlífsins ríkja bábyljur og hleypidómar, skapa það og móta, uns þekkingin berst. Aldrei hefur hún borist viðstöðulaust, hún krefst athafna og atorku þeirra er yfir henni búa og geta miðlað henni.“